



Hreppsnefnd 09.09.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 9. sept. 2002.

Fundur haldinn í hreppsnefnd fimmtudaginn 9. sept. 2002 kl. 10.00 í Miklagarði. Mættir. Emil Sigurjónsson, oddviti, Björn H. Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Steindór Sveinsson, Björn Halldórsson og Borghildur Sverrisdóttir. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir að liður 7 á dagskrá yrði tekin fyrir fyrst á dagskrá og var það samþykkt.

1. mál. Málefni Tanga h/f.

Gerð var grein fyrir stöðu mála varðandi hlutabréfaviðskipti í Tanga h/f, sem áttu sér stað á föstudaginn síðastliðinn. Jafnframt var gerð grein fyrir viðræðum við aðila málsins. Miklar umræður urðu síðan um málið og lýstu hreppsnefndarmenn sjónarmiðum sínum. Þar komu skírt fram áhyggjur manna um eignarhald og umráð heimamanna í fyrirtækinu.

2. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 29. ágúst sl. Samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum.

3. mál. Fundargerð skólanefndar frá 28. ágúst sl. Fundargerðin lögð fram og síðan samþykkt 7 atkv.

4. mál. Fundargerð Hafnarnefndar frá 29. ágúst sl. Fundargerð hafnarnefndar frá 29. ágúst sl., lögð fram . Jafnframt lagðar fram og kynntar myndir af fyrirhuguðum brimvarnargarði er sýndu mismunandi útfærslur á garðinum. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi umhverfismatsvinnu. Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkv.

5. mál. Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 3. og 4. sept. sl. lagðar fram ásamt fundum fleiri aðila með Þróunarstofu Austurlands og atvinnumálafulltrúa. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

6. mál. Vesturfarinn, styrkbeiðni. Lagt fram bréf dags. 5. sept. sl., þar sem óskað er eftir framlagi til starfseminnar. Gerð var grein fyrir fundi sem oddvit og sveitarstjóri höfðu átt með forsvarsmönnum félagsins. Samþykkt að óska eftir frekari gögnum og vísa málinu til afgreiðslu sveitarstjóra, oddvita og varaoddvita.

7. mál. Bréf landbúnaðarnefndar frá 4. sept. sl. Lagt fram bréf landbúnaðarnefndar frá 4. sept sl., varðandi úrlausnir við kaup á greiðslumarki í sauðfé og mjólk. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að vísa erindi landbúnaðarnefndar til nánari skoðunnar hjá atvinnumálafulltrúa Vopnafjarðar, sem geri úttekt á þörf fyrir aukningu á greiðslumarki í sauðfé og mjólk í sveitarfélaginu.

Samþykkt með 6 atkv. einn sat hjá.

Fleira ekki gert og fundi slitið.